



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Félagsráðsfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 20. Mars 2013 kl 17:30

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMF Stjörnunnar, Sigurður Bjarnason aðalstjórn, Þorsteinn Þorbergsson aðalstjórn, Viðar Erlingsson aðalstjórn, Ragnheiður Traustadóttir handknattleiksdeild, Brynja M Ólafsdóttir blakdeild, Valgeir Sigurðsson knattspyrnudeild, Hilmar Júlíusson körfuknattleiksdeild, Ágústa Jóhannsdóttir fimleikadeild og Hannes Árnason sunddeild. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
2. Afrekssjóður UMF Stjörnunnar
 - Formaður kynnti fyrirleggjandi skipulagsskrá sjóðsins og drög að reglugerð. Skipulagsskráin verður lögð fram á aðalfundi félagsins til staðfestingar og reglugerðin unnin áfram á þeim grunni.
 - Deildir hvattar til að senda framkvæmdastjóra athugasemdir við reglugerðardrögin.
3. Hugmyndir um breytingar á Stjörnuheimili
 - Þorsteinn Þorbergsson gerði grein fyrir vinnu við tillögugerð um endurbætur á Stjörnuheimilinu.
 - Fjórlegar umræður um nýtingu hússins og þarfir deilda.
 - Deildir félagsins eru hvattar til að kynna hugmyndirnar innan sinna deilda og senda framkvæmdastjóra hugleiðingar sínar um framtíðarnýtingu hússins.
4. Erindisbréf stjórnarmanna deilda
 - Framkvæmdastjóri kynnti drög að erindisbréfi stjórnarmanna.
5. Úthlutun barna- og unglíngastyrks 2013 og verkefni yfirþjálfara
 - Framkvæmdastjóri kynnti drög að úthlutun styrkja til barna- og unglíngastarfs á árinu 2013 og lýsingu á þeim kröfum sem aðalstjórn setur á deildir í tengslum við úthlutun styrkjanna.
6. Fundargerðir deilda
 - Farið yfir mikilvægi þess að stjórnarfundir í deildum séu bókaðir. Skiptir miklu máli við að rekja ákvarðanir og eins mikilvæg söguleg gögn. Formaður leggur áherslu á að deildir skili fundargerðum til framkvæmdastjóra.
7. Önnur mál
 - Rætt um möguleika á sameigninlegri geymslu fyrir húsbúnað sem deildir kunna að eiga eða hafa aðgang að.
 - Rætt um myndbandsupptökur af leikjum meistaraflokka og möguleika félagsins á að fjárfesta í búnaði. Málinu vísað til framkvæmdastjóra til úrlausnar.
 - Rætt um dagatal félagsins. Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að hafa heildaryfirsýn yfir nýtingu mannvirkja og starf félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:15.

Ritað PGr